

Fimmtudagurinn 27. janúar 2000 kl. 10:00

136. fundur samkeppnisráðs

Álit nr. 1/2000

**Kvörtun Sumarskólans sf. vegna meintra
samkeppnishindrana Fjölbrautaskólans í Breiðholti.**

I.

Erindið og málavextir

1.

Samkeppnisstofnun barst erindi, dags. 18. maí 1999, frá Ólafi H. Johnson, forsvarsmanni Sumarskólans sf. og kennara við Fjölbrautaskólann í Breiðholti (hér eftir FB), þar sem kvartað er yfir því að FB meini Sumarskólanum sf. að auglýsa starfsemi sína í húsakynnum skólans. Á sama tíma auglýsi Sumarskóli FB starfsemi sína á öllum töflum skólans á öllum hæðum, í anddyri og á heimasíðu FB, segir í erindinu. Sumarskólinn hafi verið starfræktur frá árinu 1993, fyrst í húsnæði FB en síðar í Háskóla Íslands. Allan þann tíma hafi skólanum verið heimilt að auglýsa í kjallara húsnæðis FB.

Ennfremur segir: „*Snemma á þessu ári hengdi undirritaður upp auglýsingar Sumarskólans sf. á auglýsingatöflur nemenda í kjallara FB. Var það látið átölulaust sem fyrr. Í apríl dreifði ég auglýsingum í mötuneyti nemenda. Þá brá svo við að Kristín Arnalds skólameistari skipaði mér að taka niður allar auglýsingar Sumarskólans sf. Jafnframt sagði hún að mér væri óheimilt að auglýsa í skólanum eftirleiðis. Rétt er að vekja sérstaka athygli á því að auglýsingatöflur í kjallara FB þar sem Sumarskólinn sf. auglýsti eru alfarið í umsjón og á ábyrgð nemenda og eru þeir mjög ósammála afskiptum skólameistara. Á þessum töflum hafa allar auglýsingar frá skólum, sama hvers eðlis og frá hvaða aðila þær eru, fengið að hanga í friði. Er það algerlega án undantekninga. Um mötuneyti nemenda er það að segja, að þar eru haldnar kynningar á vegum hinna ýmsu aðila, svo sem fjármálastofnana, stjórnmalaflokka o.fl., án þess að stjórnendur skólans hafi haft nokkur afskipti af.“*

Kvartandi telur að auglýsingabann FB gagnvart Sumarskólanum fari gegn ákvörðun samkeppnisráðs nr. 12/1997 og fer þess á leit að samkeppnisyfirvöld rétti hlut hans í þessu máli.

Þann 21. febrúar 1997 óskuðu eigendur Sumarskólans sf. eftir því að Samkeppnisstofnun kannaði samkeppnisstöðu skólans gagnvart sumarskólum, sem reknir væru af opinberum aðilum. Samkeppnisráð tók ákvörðun nr. 12/1997 í málinu. Ákvörðunarorð eru svohljóðandi:

„Með vísan til 2. mgr. 14. gr. laga nr. 8/1993 mælir samkeppnisráð fyrir um fjárhagslegan aðskilnað milli rekstrar sumarskóla Fjölbrautaskólans í Breiðholti og annarrar starfsemi Fjölbrautaskólans með eftirfarandi hætti:

- 1. Stofnuð verði sérstök eining um starfsemi sumarskólans og skal reiknishald sumarskólans vera sjálfstætt og reiknisskil vera í samræmi við meginreglur laga um ársreikninga.*
- 2. Gera skal sérstakan stofnefnahagsreikning fyrir sumarskólann vegna þeirra eigna sem sumarskólanum verða lagðar til, ef einhverjar verða. Eignir skulu yfirfærðar á markaðsverði ef þess er kostur, annars á endurkaupsverði að frádregnum hæfilegum afskriftum.*
- 3. Skuldir sumarskólans við Fjölbrautaskólann í Breiðholti beri markaðsvexti, en óheimilt verði að sumarskólinn skuldi Fjölbrautaskólanum annað en lán vegna yfirtöku eigna í upphafi svo og lán vegna eðlilegra viðskipta.*
- 4. Sumarskólinn greiði fyrir þá aðstöðu sem sumarskólinn nýtir sameiginlega með Fjölbrautaskólanum, þ.m.t. yfirstjórn, húsnæði og vinnuafl, eins og um viðskipti milli óskyldra aðila verði að ræða.“*

2.

Erindi Sumarskólans var sent FB til athugasemda með bréfi, dags. 25. maí. sl. Svar barst frá skólameistara, dags. 31. maí, þar segir:

„Skólameistari Fjölbrautaskólans hefur yfirumsjón með húsakynnum skólans, þar með öllum auglýsingum í skólanum. Ólafur H. Johnson, sem kennir hér við skólann hefur ítrekað misnotað aðstöðu sína og hengt upp og dreift auglýsingum í skólanum og við aðalinngang skólans í heimildarleysi. Í maí

1996 hengdi Ólafur Haukur auglýsingar á rúður skólans við aðalinngang. Auglýsingar þar tíðkast ekki nema í undantekningartilvikum. 4. janúar 1997 setti hann auglýsingar frá Sumarskólanum sf. með innritunargögnum fyrir Kvöldskóla F.B. og 21. maí 1997 afhenti hann auglýsingar frá Sumarskólanum sf. við aðalinngang Fjölbrautaskólans í Breiðholti. Í öllum þessum tilvikum var ekki beðið um leyfi fyrir auglýsingunum. Undirrituð veitti Ólafi áminningu vegna þessara auglýsinga, sbr. bréf dagsett 5. júní 1997. Í ársbyrjun 1998 hengdi Ólafur auglýsingar Sumarskólans sf. á auglýsingatöflu nemenda í kjallara Fjölbrautaskólans í Breiðholti. Undirrituð gerði engar athugasemdir vegna þess. Töflurnar eru í umsjón nemenda, en alls ekki alfarið. En það er ekki rétt sem kemur fram í fyrrgreindu bréfi Ólafs að allar auglýsingar á auglýsingatöflu nemenda hafi fengið að hanga í friði án afskipta stjórnvalda og geta Stefán Benediktsson, aðstoðarskólameistari og Erla Gísladóttir, skrifstofustjóri staðfest það. Í apríl sl. dreifði Ólafur auglýsingum frá Sumarskólanum sf. í mötuneyti nemenda og var undirrituð ekki frekar en fyrr beðin um leyfi fyrir því. Ýmsir aðilar, svo sem fjármálastofnanir og stjórnmalaflokkar hafa dreift hér kynningargögnum, en þá hefur verið óskað eftir heimild fyrir því. Undirrituð tilkynnti síðar Ólafi Hauki í apríllök að vegna þess að hann hefði ítrekað misnotað aðstöðu sína í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og auglýst án leyfis hefði hann fyrirgert sínum rétti til að auglýsa í skólanum og óskaði eftir því að allar auglýsingar frá honum yrðu fjarlægðar.“

Meðfylgjandi var bréf, dags. 5. júní 1997, þar sem skólameistari FB, með tilvísun í ákvæði 14. og 21. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, veitir kæranda m.a. áminningu fyrir „ósannindi og dylgjur“, sem fram komi í bréfi hans og samstarfsmanns hans til Samkeppnisstofnunar, dags. 21. febrúar 1997. Einnig var kæranda veitt áminning fyrir að „hafa auglýst í heimildaleysi í skólanum og við skólann, þrátt fyrir viðvaranir“.

3.

Í bréfi, dags. 14. júní 1999, bætir Sumarskólinn sf. við fyrra erindi sitt kvörtun vegna eftirfarandi auglýsingar: „*NEMENDUR ATHUGIÐ AÐ GEFNU TILFNI STARFAR SUMARSKÓLINN SF. Í ENGUM TENGLUM VIÐ FJÖLBRAUTASKÓLANN Í BREIÐHOLTI - VERÐI NÁM ÞAÐAN METIÐ Í FJÖLBRAUTASKÓLANUM Í BREIÐHOLTI ÞARF AÐ GREIÐA MATSGJALD SBR. SAMÞYKKT SKÓLANEFNDAR F.B. 7. MAÍ SL.*“ Kvartandi segir að auglýsingin hangi á mjög áberandi stöðum í FB og sé frá skólameistara skólans. Augljóst sé að auglýsingunni sé ætlað að fæla nemendur frá því að

sækja nám við Sumarskólann sf. Ekki verði annað ætlað út frá auglýsingunni en að gjald þetta eigi eingöngu við nemendur Sumarskólans sf., enda séu engin sambærileg skilaboð að finna til nemenda sem koma úr öðrum skólum, þ.m.t. úr Sumarskóla FB. Kvartandi spyr með vísan til úrskurðar samkeppnisráðs nr. 12/1997, hvort FB sé heimilt að krefja nemendur Sumarskólans sf. um slíkt matsgjald en sleppa nemendum úr Sumarskóla FB við að greiða sama gjald. Ennfremur spyr kvartandi hvort skólameistara FB sé heimilt að hengja upp í skólanum auglýsingar, sem sé sérstaklega beint til nemenda Sumarskólans sf. og þeirra sem hugsanlega hafa áhuga á að sækja þar nám og eru beinlínis til þess ætlaðar að fæla nemendur frá námi þar.

Kvartandi vekur sérstaka athygli á orðalagi auglýsingarinnar „...verði nám þaðan metið í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti ...“, sem hann telur að sé meira en lítið vafasamt þegar haft sé í huga að Sumarskólinn sf. hafi starfað frá árinu 1993 og útskrifað nokkur hundruð nemenda sem stunda reglulegt nám í FB. Þessi ár hafi aldrei komið til þess að nemandi úr Sumarskólanum sf. hafi verið synjað um mat á námi sínu í FB.

4.

Með bréfi, dags. 25. júní sl., var óskað eftir umsögn FB um erindi Sumarskólans sf. frá 14. júní. Jafnframt var spurt hvort greiða þyrfti matsgjald til FB vegna mats á námi frá öðrum skólum heldur en Sumarskólanum sf. og ef svo væri þá frá hvaða skólum og hver upphæðin væri.

Svar barst frá FB, dags. 30. ágúst sl. Þar segir m.a.:

„Á fundi Skólanefndar F.B. 7. maí sl. var samþykkt að allir nemendur, sem sækja um skólavist í F.B., aðrir en grunnskólanemendur greiði 1000 kr. matsgjald. Á þessi samþykkt við alla nemendur sem óska eftir mati vegna náms í öðrum skólum, framhaldsskólum eða einkaskólum, þar með Sumarskólanum sf. Undanfarin ár hafa nemendur í Kvöldskóla F.B. þurft að greiða matsgjald ef þeir hafa óskað eftir að fá fyrra nám, annað en grunnskólanám, metið. Matsnefnd starfar við Fjölbrautaskólann í Breiðholti, nefndarmenn frá sérstaklega greitt fyrir vinnuna og töldum við því eðlilegt að dagskólanemendur greiddu fyrir þessa þjónustu eins og kvöldskólanemendur.

Námsáfangar, sem nemendur Fjölbrautaskólans í Breiðholti ljúka í Sumarskóla F.B. eru ekki metnir af matsnefnd. Nám í Sumarskóla F.B. byggir á Námsvísi F.B. Deildarstjórar bera faglega ábyrgð og greiðir Sumarskóli F.B. þeim

sérstaklega fyrir það. Þarna er ekki um námsmat að ræða, heldur færslu á námsferlum sem áfangastjórn F.B. annast og greiðir Sumarskóli F.B. fyrir þá þjónustu. Sama gildir um Kvöldskóla F.B. nema áfangastjórn fær ekki greitt sérstaklega fyrir hana. Nemendur Sumarskóla F.B. þurfa að greiða sérstakt innritunargjald, 1000 krónur, og er það m.a. notað til að greiða fyrir þjónustu sem starfsmenn F.B. inna af hendi í þágu Sumarskóla F.B.

Sumarskólinn sf. var auglýstur mikið í F.B., skv. bréfi undirritaðrar til Samkeppnisstofnunar 31. maí sl. Komið hefur í ljós að margir nemendur F.B. halda, vegna allra þessara auglýsinga að Sumarskólinn sf. starfi í tengslum við F.B., sé jafnvel útibú Sumarskóla F.B. Þess vegna settum við upp auglýsinguna sem Ólafur vísar til í fyrrgreindu bréfi sínu.“

Í fylgigögnum með bréfi FB var m.a. bréf frá Sumarskólanum sf., dags. 18. mars 1998, til skólanefndar FB. Þar segir m.a.: „Á síðasta sumri hóf Fjölbrautaskólinn í Breiðholti að nýju rekstur sumarskóla, Sumarskóla FB. Nokkuð var þá um það að stjórnendur FB segðu nemendum skólans að nám úr Sumarskólanum sf. yrði ekki metið í FB. Þrátt fyrir þetta mat FB nám nemenda í Sumarskólanum sf., án undantekninga. Málið hefði þó áður gengið svo langt að Björn Bjarnason ráðherra sá ástæðu til þess að gera athugasemd við þessa augljósu mismunun á milli sumarskólanna með því að senda framhaldsskólunum bréf þar sem tilmæli í bréfi Ólafs G. Einarssonar ráðherra frá árinu 1993 voru áréttuð, en samkvæmt þeim ber skólunum að meta nám úr Sumarskólanum sf.“

Í bréfinu óskar Sumarskólinn sf. eftir því að FB samþykki með formlegum hætti að meta nám úr Sumarskólanum sf., enda sé námið í samræmi við Námskrá menntamálaráðuneytisins. Þess er getið að Menntaskólinn í Hamrahlíð hafi þegar ákveðið með formlegum hætti að meta nám úr Sumarskólanum sf.

Svar FB er dags. 29. maí 1998, þar segir:

„Að gefnu tilefni er rétt að ítreka það sem þegar hefur komið fram varðandi námsmat úr Sumarskólanum sf.

Það gilda almennt þær reglur í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti að nemendur sem óska eftir námsmati eiga að leggja fram gögn um sitt fyrra nám. Þessar reglur hafa verið við lýði í langan tíma og eru augljósar.

Um Sumarskólann sf. gilda sömu skilmálar. Nemendur Sumarskólans sf. eiga að leggja fram gögn sem staðfesta innihald þeirra námsáfanga sem þeir taka. Þessa kröfu uppfylla aðrir skólar almennt, án vandkvæða.

Ég óska því eftir kennsluáætlunum frá Sumarskólanum sf. þar sem fram kemur m.a. innihald áfanga, námsbækur og vægi prófþátta. Í ljósi þeirra upplýsinga er hægt að gefa svar hvort áfangar Sumarskólans sf. verði metnir í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti.“

5.

Með bréfi, dags. 15. sept. sl., voru erindi Sumarskólans sf. send menntamálaráðuneytinu til athugasemda. Ráðuneytið óskaði eftir umsögn skólameistara FB um málið. Með bréfi, dags. 12. okt. sl., sendi menntamálaráðuneytið umsögn skólameistara FB til Samkeppnisstofnunar og upplýsir að ráðuneytið taki ekki efnislega afstöðu til málsins. Umsögn FB til menntamálaráðuneytisins var efnislega sú sama og umsögn skólans til Samkeppnisstofnunar.

6.

Umsagnir FB voru sendar Sumarskólanum sf. með bréfi, dags. 14. sept. sl. Athugasemdir bárust frá skólanum, dags. 22. okt. Forstöðumaður skólans neitar að hann hafi misnotað aðstöðu sína í FB. Auglýsingar á töflu nemenda hafi verið settar upp í samráði við nemendafélagið. Skólinn sé opinn frá kl. 7:00 til kl. 22:30 og geti hver sem er hengt þar upp auglýsingar. Til undantekninga heyri að þær séu teknar niður. Hann segir rétt vera að auglýsingar hafi verið hengdar upp á rúður skólans við aðalinngang í maí 1996. Þetta hafi einnig verið gert árin á undan, án þess að gerðar væru athugasemdir, og Sumarskóli FB hafi einnig hengt þar upp auglýsingar. Hann segir það ósatt að hann hafi sett auglýsingar frá Sumarskólanum sf. með innritunargögnum Kvöldskóla FB. Hið rétta sé að auglýsingar Sumarskólans hafi verið í kassa langt frá innritunargögnum Kvöldskólans, reyndar á annarri hæð hússins, og hafi verið fjarlægðar um leið og þess var óskað. Hann segir rétt að hann hafi dreift auglýsingum í mötuneyti skólans í apríl sl., eins og hann hafi gert undanfarin ár. Honum hafi því komið á óvart þegar skólameistari notaði það sem átyllu til þess að úthýsa Sumarskólanum sf. með auglýsingar.

Ennfremur segir: „Varðandi þetta matsgjald er það að segja, að megin markmiðið með því er augljóslega að skekkja samkeppnisstöðu Sumarskólans

sf. gagnvart Sumarskóla FB. Þarf vart annað en að líta á dagsetningu samþykktar skólanefndar Fjölbrautaskólans í Breiðholti því til staðfestingar. Verður það að teljast sérlega óskammfeilið að taka nemendur keppinautarins og þvinga þá til að verða að féþúfu skólans til þess eins að reyna að breyta samkeppnisstöðu sumarskólanna Sumarskóla FB í vil. Engin eðlileg rök eru fyrir þessu gjaldi, a.m.k. alls engin fyrir því að mismuna skólum í samkeppni hvað þetta varðar. Við könnun hefur komið í ljós að Fjölbrautaskólinn í Breiðholti er eini framhaldsskólinn á suðvestur horni landsins sem tekur slíkt gjald af dagskólanemendum sínum. Innheimta þessa gjalds var ekki könnuð í skólum í öðrum landshlutum.

Sagt er að nám úr Sumarskóla FB þurfi ekki afgreiðslu hjá matsnefnd vegna þess að það nám byggir á námsvísi Fjölbrautaskólans í Breiðholti. Vafalítið þykir einhverjum þetta merkilegur rökstuðningur. Með þessu eru stjórnendur Fjölbrautaskólans í Breiðholti annað hvort að setja námskrá skólans yfir námskrá menntamálaráðuneytisins eða að segja að þeir séu svo illa að sér í þeirri námskrá, sem þó á að vera fyrirmynd námskrár Fjölbrautaskólans í Breiðholti, að mat á námi samkvæmt henni þurfi sérstaka yfirlegu hverju sinni. Hver sem skýringin er, getur hún varla talist nægjanleg ástæða til þess að leggja sérstakt gjald á nemendur Sumarskólans sf. umfram nemendur Sumarskóla FB.“

Ennfremur segir:

„Starfsfólki Fjölbrautaskólans í Breiðholti hefur verið falið að segja nemendum sem hyggjast sækja nám í Sumarskólanum sf. að óvíst sé með mat á námi úr þeim skóla. Þetta er ótrúleg framkoma gagnvart keppinauti og nemendum, sérstaklega þegar haft er í huga að tveir menntamálaráðherrar í röð hafa, vegna kvartana Sumarskólans sf., gefið það út skriflega að nám sem fer eftir ákvæðum námskrár, svo sem nám í Sumarskólanum sf., skuli metið inn í framhaldsskólana. Á það má einnig benda að það hefur aldrei gerst að nemandi úr Sumarskólanum sf. hafi ekki fengið nám sitt metið í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti. Hér er því með vísvitandi hætti og algerlega að tilefnislausu verið að hræða nemendur Fjölbrautaskólans í Breiðholti frá því að sækja nám í Sumarskólanum sf. Bréfið frá 18. mars var ritað til skólanefndar Fjölbrautaskólans í Breiðholti sem tilraun til þess að fá stjórnendur þar til að láta af þessari hegðun. Alltaf hefur legið fyrir að Sumarskólinn sf. starfaði í samræmi við námskrá menntamálaráðuneytisins.

Aðrar upplýsingar þarf Fjölbrautaskólinn í Breiðholti ekki við mat sitt og lætur þar við sitja að því er varðar aðra skóla sem starfa samkvæmt námskrá.

Þegar kom að mati á námi nemenda Sumarskólans sf. árið 1998 inn í Fjölbrautaskólann í Breiðholti, framvísuðu nemendur staðfestingu á námsárangri sínum þar sem fram kemur að námið sé í samræmi við námskrá menntamálaráðuneytisins (fylgiskjal 6). Þrátt fyrir þessa staðfestingu og yfirlýsingu ráðherra um að námið skuli metið óskaði Kristín Arnalds skólameistari eftir því að fá frekari upplýsingar um námið með því að óska eftir kennsluáætlunum. Fullyrði ég að slíkt eigi sér enga hliðstæðu að því er varðar skóla/nám sem fer eftir ákvæðum námskrár ráðuneytisins. Því tafði ég málið í tvær-þrjár vikur í þeirri von að fallið yrði frá þessari tilgangslausu og alls óþörfu kröfu. Tilgangur stjórnenda Fjölbrautaskólans í Breiðholti var sá einn að gera nemendum erfitt fyrir og staðfesta þar með það sem sagt hafði verið, að óvíst væri með mat á námi úr Sumarskólanum sf. Að sjálfsögðu var síðan nám allra nemenda Sumarskólans sf. metið í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti. “

Um áminningu skólameistari, dags. 5. júní 1997, segir kvartandi að umboðsmaður Alþingis hafi fjallað um áminninguna í ítarlegu álit, dags. 26. júlí 1999, sem fylgi með. Umboðsmaður telji áminninguna í einu og öllu ólöglega. Síðan segir: „Áminninguna dró skólameistari síðan til baka með bréfi dagsettu 15. september sl. eftir að ég hafði með vísan til álitsins, sett fram kröfu þar um. Segir það óneitanlega nokkuð um viðhorf og vinnubrögð skólameistara að hún skuli, 1. október 1999, láta áminningarbréfið fylgja með bréfi þessu til menntamálaráðuneytisins, án þess að láta þess í nokkru getið að fyrir liggja um áminninguna álit umboðsmanns Alþingis og hún hafi sjálf þegar dregið hana til baka með bréfi.“

7.

Með bréfi, dags. 11. nóv. sl., voru athugasemdir Sumarskólans sf. sendar FB. Athugasemdir bárust frá FB, dags. 29. nóv. Þar segir:

a. „Auglýsingar

Skólameistari ræður yfir og ber ábyrgð á öllu húsnæði Fjölbrautaskólans í Breiðholti, þar með öllum auglýsingatöflum. Þetta vald hefur skólameistari aldrei framselt til nemenda.

Auglýsingar hér í F.B. þurfa að vera samþykktar af skólameistara eða aðstoðarskólameistara svo og dreifing bæklinga. Undantekning frá þessu eru auglýsingar um skemmtikvöld og dansleiki á töflum nemenda á 1. hæð sem eru

á ábyrgð nemendaráðs. Stefán Benediktsson, aðstoðarskólameistari og Erla Gísladóttir, skrifstofustjóri, fylgjast með þessum málum hér og eru ósamþykktar auglýsingar teknar niður svo og óleyfilegir bæklingar fjarlægðir. Sumarskólinn sf. starfaði í húsakynnum F.B. 1993, 1994 og 1995 en þau ár starfaði Sumarskóli F.B. ekki. Greiddi Sumarskólinn sf. Fjölbrautarskólanum í Breiðholti fyrir þá aðstöðu, þáverandi fjármálastjóri F.B. Pétur Björn Pétursson og fyrrverandi eigandi Sumarskólans sf. tók ákvörðun um upphæð gjalda og var miðað við sambærilegar greiðslur og aðstöðu í F.B. og þegar Sumarskóli F.B. starfaði í húsakynnum skólans. Sumarskólinn sf. auglýsti þess vegna skólann sinn fyrrnefnd ár hér í F.B. á sama hátt og Sumarskóli F.B.

Í áðurnefndum bréfum undirritaðrar til Samkeppnisstofnunar kom fram að eftir að Sumarskólinn sf. fór úr húsakynnum F.B. auglýsti Ólafur H. Johnson skólann sinn ítrekað hér í skólanum án leyfis.

Furðuleg ósvífni var þegar Ólafur lagði fram auglýsingar frá Sumarskólanum sf. við innritun í Kvöldskóla F.B. í janúar 1997 án samþykkis undirritaðrar.

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti greiðir háar fjárhæðir vegna innritunar í Kvöldskóla F.B. bæði í blöðum, útvarpi og sjónvarpi. Þetta reyndi Ólafur að nýta sér.

b. Matsgjald og námsmat

Vegna athugasemda Ólafs H. Johnson um matsgjald vill undirrituð taka fram að allir nemendur sem koma til okkar með prófgögn úr öðrum skólum fyrir utan grunnskólapróf og vilja fá fyrra nám metið, eiga að greiða 1000 króna matsgjald.

Hér er ekki aðeins um Sumarskólann sf. að ræða, eins og látið er í veðri vaka, heldur alla, þ.e. framhaldsskóla eða einkaskóla utan F.B. Eins og kemur fram í bréfi undirritaðrar til Samkeppnisstofnunar dags. 30. ágúst sl. hafa nemendur Kvöldskóla F.B. undanfarin ár greitt matsgjald ef þeir hafa óskað eftir að fá fyrra nám, annað en grunnskólanám, metið. Við Fjölbrautaskólann í Breiðholti starfar matsnefnd, nefndarmenn fá sérstaklega greitt fyrir vinnuna og töldum við því eðlilegt að dagskólanemendur greiddu fyrir þessa þjónustu eins og kvöldskólanemendur.

Menntamálaráðuneytið gefur út námskrá fyrir framhaldsskóla sem skólarnir aðlaga sig að. Námsvísar hvers framhaldsskóla taka síðan gildi þegar samþykki menntamálaráðuneytis liggur fyrir. Námsframboð og uppbygging náms í framhaldsskólum er töluvert frábrugðið og þeir starfa eftir ólíkum kerfum, bekkjarkerfi og áfangakerfi.

Oft er því mikil vinna að meta nám á milli skóla. Í matsnefnd F.B. eru fjórir aðilar og fara a.m.k. tveir yfir námsmat hvers einstaklings.

Í ljósi alls þessa er furðuleg athugasemd Ólafs H. Johnson nr. 23 í fyrrnefndu bréfi, þar sem hann undrast að námsmat þurfi sérstaka yfirlegu hverju sinni, þegar haft er í huga að hann hefur kennt við F.B. frá 1988 og verið deildarstjóri í mörg ár og nokkrum sinnum þurft að skoða gögn vegna námsmats.

Þegar nám er metið við F.B. nægir ekki að vísa til þess að það sé samkvæmt ákvæðum námskrár menntamálaráðuneytis. Nemandinn þarf að leggja fram gögn um sitt fyrra nám og við námsmat er stuðst við námsvísi viðkomandi skóla og/eða kennsluáætlanir þar sem innihald námsáfanga kemur fram.

Að öðru leyti er vísað í bréf undirritaðrar til Ólafs H. Johnson dags. 29. maí 1998 og 9. september 1998, sem fylgja hér með.

c. Sumarskóli F.B.

Sumarskóli F.B. er skilgreindur sem sérstakt viðfangsefni F.B. með aðgreindan fjárhag. Nám í sumarskóla F.B. byggir á Námsvísi F.B. Deildarstjórar bera faglega ábyrgð og greiðir Sumarskóli F.B. þeim sérstaklega fyrir það. Sumarskólinn leigir aðstöðu F.B. en leigukjör byggja á sérstakri verðskrá um útleigu á skólahúsnæði. Umsjónarmönnum hefur verið falið að sjá um rekstur Sumarskólans og fá þeir sérstaklega greitt fyrir vinnuna sem og aðrir starfsmenn F.B. er tengjast starfsemi Sumarskóla F.B. Undirrituð þiggur ekki laun frá Sumarskóla F.B. en sinnir honum sem skólameistari F.B. svo sem að svara bréfum er tengjast Ólafi H. Johnson, eiganda Sumarskólans sf., og kennara við F.B. Ríkisendurskoðun hefur tekið að sér að meta fjárhagslegan aðskilnað á milli rekstrar Sumarskóla F.B. frá annarri starfsemi skólans samkvæmt beiðni Samkeppnisstofnunar. Um fjárhagslegan aðskilnað er að öðru leyti vísað til áðursends bréfs undirritaðrar dagsettu 8. júní sl.

*Að lokum er rétt að benda á að rekstur Sumarskóla F.B. er mjög frábrugðinn rekstri Sumarskólans sf. Sumarskóli F.B. er **ríkisstofnun** þegar kemur að því að greiða laun og þarf því að greiða kennurum sínum yfirvinnukaup hafi þeir lokið árlegri starfsskyldu sinni, hvort sem það er í F.B. eða öðrum framhaldsskólum. Engin fjárframlög koma frá ríkinu, heldur þurfa innritunargjöld að standa undir launakostnaðinum.*

Sumarskólinn sf. er ekki háður kjarasamningum HÍK og kennarar þar eru ráðnir sem verktakar og launagreiðslur því byggðar á öðrum forsendum en hjá Sumarskóla F.B. “

8.

Með bréfi, dags. 15. des. 1999, var aðilum málsins tilkynnt að gagnaöflun í málinu væri lokið. Sendur var listi yfir gögn málsins og Sumarskólanum sf. sendar, til upplýsinga, athugasemdir FB, dags. 29. nóv. sl.

II.

Álit samkeppnisráðs

Á fundi samkeppnisráðs, þann 27. janúar 2000, var mál þetta afgreitt. Fundinn sátu Atli Freyr Guðmundsson, Brynjólfur Sigurðsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Sigurbjörn Magnússon.

1.

Með vísan til markmiðs samkeppnislaga nr. 8/1993 vekur samkeppnisráð athygli skólanefndar Fjölbrotaskólans í Breiðholti og skólameistara skólans á eftirfarandi álitum sem birt er á grundvelli d-liðar 2. mgr. 5. gr. laganna.

2.

Forstöðumaður Sumarskólans sf. kvartar yfir því að skólameistari FB banni Sumarskólanum sf. að auglýsa starfsemi sína innan veggja FB, en Sumarskóli FB auglýsi starfsemi sína á öllum töflum og öllum hæðum skólans og á heimasíðu FB. Hann kvartar einnig vegna auglýsingar, sem skólameistari FB hengdi upp í skólanum sl. vor. Í auglýsingunni segir að Sumarskólinn sf. starfi í engum tengslum við FB og ef nám úr Sumarskólanum sf. verði metið þurfi að greiða fyrir það sérstakt matsgjald. Kvartandi telur að auglýsingunni sé ætlað að fæla nemendur frá því að sækja nám í Sumarskólanum sf, enda séu ekki sambærileg skilaboð til nemenda sem komi úr öðrum skólum. Hann telur að fyrrnefndar aðgerðir skólameistara FB séu til þess fallnar og miði að því að skekka samkeppnisstöðu Sumarskólans sf. gagnvart Sumarskóla FB.

3.

FB heldur því fram að forstöðumaður Sumarskólans sf. hafi hengt upp og dreift auglýsingum í heimildarleysi í FB og misnotað þannig aðstöðu sína. Honum hafi því verið tilkynnt að hann hafi fyrirgert rétti sínum til þess að auglýsa í skólanum og verið beðinn um að fjarlægja allar auglýsingar. Skólanefnd FB hafi samþykkt á fundi 7. maí sl. að allir nemendur sem sækja um skólavist í FB

aðrir en grunnskólanemendur skuli greiða 1000 króna matsgjald. Þetta eigi ekki við nemendur úr Sumarskóla FB því námið þar byggist á Námsvísi FB.

4.

Í Reykjavík eru starfræktir tveir sumarskólar, Sumarskólinn sf. og Sumarskóli FB, sem rekinn er af fjölbrautaskólanum. Kennslan fer fram í júní. Skólarnir hafa heimild menntamálaráðuneytisins til þess að reka sumarskóla á framhaldsskólastigi. Svo vill til að forsvarsmaður einkarekna skólans er kennari í FB. Markaðurinn sem deilt er um eru nemendur í FB, sem hyggja á nám í sumarskóla. Sumarskólanum sf. hefur verið bannað að auglýsa starfsemi sína í FB. Samkeppnisráð leggur ekki mat á einstök tilvik þar sem árekstrar hafa orðið milli forsvarsmanna skólanna, vegna auglýsinga og kynninga á Sumarskólanum sf. FB er opinber stofnun, sem rekur sumarskóla í samkeppni við einkarekinn sumarskóla. Þær kröfur verður að gera til opinberrar stofnunar að hún gæti jafnræðis gagnvart keppinauti sínum. Það eru tilmæli samkeppnisráðs að forsvarsmenn FB setji reglur um auglýsingar frá sumarskólunum, sem báðir skólarnir fari eftir, þannig að fyllsta jafnræðis verði gætt í auglýsingum og kynningum á skólunum í húsakynnum FB.

5.

Í niðurstöðum ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 12/1997, um fjárhagslegan aðskilnað Sumarskóla FB frá annarri starfsemi skólans, segir um ábendingu forsvarsmanna Sumarskólans sf. þess efnis að það kunni að gefa skólanum samkeppnislegt forskot að tengja nafn sumarskólans við nafn FB: „*Fallast má á það sjónarmið að tengsl þau sem um ræðir kunna að vera sumarskóla FB til framdráttar. Hins vegar verður að telja að fagleg starfsemi sumarskólans sé svo nátengd hinni almennu starfsemi FB, auk þess sem sumarskólinn er einkum starfræktur fyrir nemendur úr vetrarstarfi skólans, að ekki sé efni til að gera athugasemdir við nafnatengslin.*“ Að mati samkeppnisráðs gilda þessi sjónarmið einnig gagnvart auglýsingum Sumarskóla FB á heimasíðu FB og því séu ekki efni til að gera athugasemdir við auglýsingar skólans þar.

6.

Skólanefnd FB samþykkti á fundi sínum 7. maí sl. að nemendur, aðrir en grunnskólanemendur, skuli greiða 1000 króna matsgjald fyrir námsmat á milli skóla. Hér er til umfjöllunar sú samkeppnislega mismunun sumarskólanna, sem hlýst af því að nemendum Sumarskólans sf. er gert að greiða slíkt gjald, en ekki nemendum Sumarskóla FB. Í greinargerð kæranda kemur fram að FB er eini framhaldsskólinn á suðvestur horni landsins, sem tekur slíkt gjald af

dagskólanemendum. Starfsmaður Samkeppnisstofnunar ræddi í síma við forsvarsmenn hjá þremur menntaskólum. Þar fengust þær upplýsingar að próf úr sumarskólunum væru tekin góð og gild. Nemendur framvísi prófskírteini, sem tekið sé ljósrit af og námið síðan skráð hjá viðkomandi nemanda. Ekki væri tekið gjald fyrir þetta. Vandséð er að þessi framkvæmd þurfi að vera tímafrekari eða kostnaðarsamari hjá FB heldur en öðrum framhaldsskólum. Matsgjaldið virðist vera lagt á nemendur Sumarskólans sf., til þess að bæta samkeppnisstöðu Sumarskóla FB gagnvart Sumarskólanum sf. Það eru eindregin tilmæli samkeppnisráðs að FB hætti við innheimtu slíks gjalds, eða taki samskonar gjald af nemendum Sumarskóla FB til þess að samkeppni á markaðnum raskist ekki.

7.

Í auglýsingu skólameistara FB sem kvartað er yfir stendur „*Nemendur athugið að gefnu tilefni starfar Sumarskólinn sf. í engum tengslum við Fjölbrautaskólann í Breiðholti – Verði nám þaðan metið í Fjölbrautaskólann í Breiðholti þarf að greiða matsgjald sbr. samþykkt skólanefndar F.B. 7. maí sl.*“ Með orðalaginu „*verði nám þaðan metið*“ er gefið í skyn að verulegur vafi leiki á að námið verði metið í FB. Samkvæmt gögnum málsins hefur Sumarskólinn sf. starfað frá árinu 1993 og útskrifað nokkur hundruð nemenda sem stunda reglulegt nám í FB. Þessi ár hafi nemanda aldrei verið synjað um mat á námi sínu í FB. Í þessari auglýsingu eru því að mati samkeppnisráðs rangar og villandi upplýsingar til neytenda, þ.e. nemenda Sumarskólans sf., auk þess sem kastað er rýrð á starfsemi keppinautar og brýtur hún í bága við ákvæði 20. og 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Samkeppnisráð mun þó ekki hafast að vegna þessa í trausti þess að slíkar auglýsingar verði ekki endurteknar.

8.

Með vísan til þess sem að framan segir beinir samkeppnisráð þeim tilmælum til skólanefndar og skólameistara Fjölbrautaskólans í Breiðholti að gætt verði jafnræðis í auglýsingum og kynningum á Sumarskóla FB og Sumarskólanum sf. innan veggja FB, þannig að settar verði reglur um auglýsingar frá sumarskólunum, sem báðir skólarnir fari eftir. Að FB hætti við töku svokallaðs matsgjalds, sem lagt er á nemendur Sumarskólans sf., samkvæmt ákvörðun skólanefndar frá 7. maí sl., eða taki slíkt gjald einnig af nemendum Sumarskóla FB, þannig að samkeppni raskist ekki á þessum markaði af þeim sökum.